


Núverandi skipulag m. 1:1000




Deiliskipulagstillaga m. 1:1000




Hluti af aðalskipulagi Reykjavíkur 1996 til 2016

- Deiliskipulagsmörk
- Afmörkun lands LSH í Fossvogi
- Lóðarmörk
- Götur
- Göngustígar
- Núverandi bygging
- Kvöð um trjágróður
- Niðurrif
- Byggingarreitur
- Byggingarreitur neðanjarðar




Skurður A - A m. 1:1000




Skurður B - B m. 1:1000




Skurður C - C m. 1:1000

**Lýsing á byggingum sem fyrir eru á svæðinu:**

Furuborg:
Húsið er byggt og rekið sem tveggja deilda dagvistunarstofnun.
Húsið var samþykkt í bygginganefnd 26.mars 1987.
Stærð hússins er 338m2.
Byggingarefni er steinsteypa og timbur.

Skógarborg:
Húsið er upprunalega byggt sem sumarbústaður á Fossvogsbletti 40.
Þann 11.nóvember 1971, er samþykkt í bygginganefnd viðbygging og færanleg bráðabirgðarbygging við húsið og því breytt í barnaheimili fyrir Borgarspítala.
Stærð hússins er í dag samtals 179m2.
Byggingarefni er timbur.

Birkiborg:
Húsið var byggt sem dagheimili fyrir Borgarspítala.
Húsið var samþykkt í bygginganefnd 13.júní 1974.
Stærð hússins er samtals 881m2.
Húsið er einlyft stálgrindarhús að hluta, stærð þess er 485m2 og tvílyft steinsteypt hús að hluta og er stærð þess 396m2

Greniborg:
Húsið er byggt sem skóladagheimili fyrir Borgarspítala.
Húsið er samþykkt í bygginganefnd 14.febrúar 1985.
Stærð hússins er 117m2.
Byggingarefni er timbur

**Óskir um uppbyggingu á svæðinu:**

Lóð A : Á lóð A er fyrirhugað að byggja eina dagvistunardeild við leikskólann Furuborg. Leikskólinn er í dag tveggja deilda skóli.

Lóð B : Á lóð B er fyrirhuguð bygging fyrir Tölvudeild Landsspítala háskólasjúkrahúss með tilheyrandi, funda kennslu og vinnuaðstöðu, fyrir Skrifstofu tækni og eigna og Miðstöð skjalageymslu (journalageymslu) Landsspítala háskólasjúkrahúss í Fossvogi.

**Deiliskipulag svæðisins:**

**Greinargerð:**

Gerð er tillaga um að skipta svæðinu í tvær lóðir, lóð A þar sem dagheimilið Furuborg stendur og lóð B þar sem húsin Skógarborg, Birkiborg og Greniborg standa. Götunúmer verða síðar ákveðin af byggingarfulltrúa.

Bílastæðakrafa er 1 stæði fyrir hverja 50m2 í núverandi byggingu og stæði fyrir hverja 35m2 í nýbyggingu

Heimilt er að rífa eða fjarlægja á annan hátt öll mannvirki á lóð B.

Á lóð B eru tveir gamlir og grónir skógarlundir frá tíð sumarbústaða í Fossvogi. Þessa skógarlundi skal varðveita að svo miklu leyti sem unnt er.

Engar kvaðir eru á núverandi lóðum. Gert er ráð fyrir að nýjar kvaðir um leiðslur, lagnir og gröft verði settar á ný mæliblöð í samræmi við deiliskipulagstillöguna.

Gert er ráð fyrir nýrri aðkomu að lóð B frá Álandi.

**Lóð A - dagheimilið Furuborg:**

Lóðarstærð er um 4000m2.
Núverandi bygging er 338m2.
Viðbótar byggingarmagn má vera um 450m2.
Samtals má byggja á lóðinni 800 m2
Nýtingarhlutfall verður 0,2.
Mesta hæð nýbyggingar má vera 4,5 m eða í k.45,10.
Viðbótarbygging skal taka mið af núverandi húsi.
Þakhalli skal vera sá sami eða 1:4.

**Lóð B - Bygging Landsspítala Háskólasjúkrahúss:**

Lóðarstærð er um 10700 m2
Núverandi byggingarmagn er 1177m2
Viðbótar byggingarmagn má vera um 4400 m2
Samtals má byggja á lóðinni 5500 m2
Nýtingarhlutfall verður 0,5
Mesta hæð nýbyggingar má vera 10,0 m eða í k. 50,50
Lyftuhús má ná 3,5 m upp fyrir efsta kóta þaks.
Þök nýbygginga skulu vera flöt eða með mæni yfir miðju húsi og skal þakhalli þá vera mest 1:15.

Deiliskipulag þetta var auglýst frá
21?. júní 2001 til
8. ágúst 2001.

Deiliskipulag þetta sem auglýst hefur verið samkvæmt 25. gr. laga nr. 73/1997 var samþykkt í skipulags- og byggingarnefnd
30. maí 2001 og samþykkt
í borgarráði 5. júní 2001.



Auglýsing um deiliskipulagið var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann
____________ 2001

| | |
|---|---|
| Verkheiti: | Áland - tillaga að deiliskipulagi<br>Staðgreinir 1.8 |
| Verkhluti: | Grunnmyndir, skurðir og lýsing |
| Teikninúmer: | 01 |
| Mælikvarði: | 1:1000 |
| Teiknað: | Ólafur |
| Yfirfarið: | |
| Samþykkt: | |
| Verknúmer: | 0120 |
| Dagsetning: | 10. maí 2001 |
| Teiknislóð: | |

ARK ÞING
BOLHOLT 8 -105 REYKJAVÍK
SÍMI: 551 0870 - FAX: 551 0875
arkthing@arkthing.is - www.arkthing.is

GUÐMUNDUR KR. GUÐMUNDSSON, ARKITEKT
ÓLAFUR SIGURÐSSON, ARKITEKT
SIGURÐUR HALLGRÍMSSON, ARKITEKT
HJÖRTUR PÁLSSON, BYGG.FR.